Skóla-akur

Vefrit um skólamál 15. tbl. 10. árg. 23. nóvember 2016

Myndir augnabliksins eru frá Oddeyrarskóla og sýna glæsilegar nýjar lestrarhillur sem vígðar voru á Degi íslenskrar tungu.

Trölladeild á Hulduheimum.

Gaman að fylgjast með starfi leikskólanna. Hér eru myndir frá Trölladeild á Hulduheimum og greinilegt að það er nóg um að vera.
Það sem búið er að bralla það sem af er vetri er m.a. vasaljósadagur, náttfatadagur, Listaland og tónlist, piparkökubakstur og leikur á deild að ónefndu hópastarfi og útiveru að sjálfsögðu.

Nemendur með íslensku sem annað mál.

Er nafn á heimasíðu þar sem finna má ýmsar upplýsingar um nám og kennslu tvítyngdra barna.

Sjá nánar: www.akmennt.is/erlendir

Dæmalaust skemmtilegur snjór.

Þessar skemmtilegu myndir eru frá Naustatjörn teknar á fyrsta snjóadeginum í síðustu viku og sýna hvað þetta er skemmtilegt viðfangsefni - snjórinn. Það er svo margt hægt að gera með hann.

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Vinátta á Hlíðabóli.

Á haustmánuðum höfum við á Hlíðabóli verið að fræðast um vináttu heimshorna á milli. Við erum sólblómal eikskóli og eigum 4 ára gamla vinkonu í Zambíu sem við erum að styrkja. Hún heitir Besta Soko. Sömuleiðis eigum við vinkonu sem heitir Pálína Guðný en er alltaf kölluð Olga.
Olga er brúða sem heilsar upp á okkur í hverri viku og segir okkur sögur úr biblíunni.
Í haust fór Olga í mánaðar ferð til Afríku og er hún kom heim sýndi hún okkur myndir af fólkinu og aðstæðunum þar sem var bæði fróðlegt og skemmtilegt.



Vikuna 7. - 11. nóvember var síðan lokahnykkurinn á þessu vináttuverkefni. Unnið var með lagið „Við erum dropar“ og gerði hvert barn bæði dropa í eitt haf og laufblað á sama tréð.

Föstudagurinn fór síðan í vináttuhring þar sem við sungum lagið öll saman – og þvílíkur söngur.
Við höfum lært að það hafa ekki allir sömu gæði og við getum verið vinir hvernig sem húðliturinn er.

Kveðja frá Hlíðabóli

Eldvarnaræfing á Kiðagili.

Í síðustu viku var eldvarnaræfing en þá eru bjöllurnar settar í gang og húsið rýmt og tók rýmingin rétt um tvær mínútur. Allir hafa sitt verkefni í rýmingu og gekk æfingin mjög vel. Tvær eldvarnaræfingar eru á hverju ári að hausti og vori og er haust rýmingaræfingin alltaf tilkynnt þannig að sumir voru komnir í skó og allir vissu að bjallan færi í gang. Voræfingin er hins vegar ekki tilkynnt til kennara og eru þá stjórar búnir að setja upp þykjustu eld víðsvegar í húsið svo að deildir þurfi að nota neyðarop. Þegar allir eru komnir út er svo nafnakall áður en farið er inn aftur. Það er gott að vera við öllu búinn.

Reiðhjólanotkun í skólum.

Landsamband hjólreiðamanna (LSH) sendi skólum landsins ósk um aðstoð við að kanna reiðhjólanotkun grunn- og framhaldsskólanema á þessu skólaári. Um er að ræða mánaðarlega talningu hjóla og upplýsingar um viðeigandi geymslubúnað s.s. hjólagrindur við skólann.
Fyrsta talning í Síðuskóla fór fram á vegum sérdeildar og er skemmst frá því að segja að hjólin voru 104 talsins og hjólagrindurnar 110. Hins vegar eru þær illa nýttar. Enn fremur er eftirtektarvert hversu mörg hjól voru án ljósabúnaðar og bjöllu sem er áhyggjuefni þar sem mikið myrkur er úti þegar við leggjum af stað í skólann á morgnana.
Þetta er skemmtilegt verkefni sem áhugavert verður að fylgjast með.

Notkun endurskinsmerkja.

Þörf ábending tekin af vef Hlíðarskóla.
Nú er orðið mjög dimmt úti þegar nemendur eru á leið í skólann, og þess verður ekki langt að bíða að myrkrið verði viðvarandi stóran hluta dagsins. Við minnum á mikilvægi notkunar á endurskinsmerkjum. Í myrkri sjást gangandi og hjólandi vegfarendur illa þrátt fyrir götulýsingu. Útsýni ökumanna er allt annað en þeirra sem eru gangandi eða hjólandi. Mikilvægt er að fara yfir fatnað barnanna og bæta við endurskins-merkjum þar sem þess er þörf.
Ef smellt er á hlekkinn hér fyrir neðan má sjá gott myndband þar sem gerð var tilraun varðandi endurskinsmerkjanotkun.

https://www.youtube.com/watch?v=tIq7VBCoMsw

Næsti Skóla-akur kemur út 8. desember 2016.